

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 26. október 2021  
Tilvísun: OS2021090019/22.2  
Verknúmer: 3340300

## Efni: Lagning ljósleiðara frá Íslandi til Írlands

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 22. september 2021, þar sem óskað er umsagnar Orkustofnunar um hvort og þá á hvaða forsendum stofnunin telji að lagning ljósleiðarasæstrengs frá Íslandi til Írlands skuli háð umhverfismati, með vísun til 20. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021. Óskað er eftir því að í umsögn sé lagt mat á hvort nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði Orkustofnun telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli að á að framkvæmdin fari í umhverfismat að mati stofnunarinnar, að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laganna. Sömuleiðis óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram, eftir því sem við á, hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið Orkustofnunar.

Samkvæmt lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990, er íslenska ríkið eigandi allra auðlinda á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki. Hugtakið auðlind samkvæmt lögnum tekur til allra ólífrænna og lífrænna auðlinda hafsbotnsins annarra en lifandi vera.

Leit, rannsóknir og nýting efnis af hafsbotni eða úr honum utan netlaga eru óheimilar án skriflegs leyfis Orkustofnunar, sbr. 2. og 3. gr. laganna. Þá ber Orkustofnun að gæta að framangreindum hagsmunum íslenska ríkisins, sbr. t.a.m. 2. mgr. 3. gr. Eftirfarandi umfjöllun er miðuð út frá framangreindu hlutverki stofnunarinnar.

Athygli vekur takmörkuð umfjöllun um legu og/eða áhrif strengs innan landhelgi og efnahagslögsögu en m.a. er þekkt að hafsvæðið næst landi er eitt helsta hrygningarsvæði og uppeldissvæði margra helstu nytjafiska þjóðarinnar. Samkvæmt lýsingum í tilkynningu framkvæmdaraðila takmarkast áhrifasvæði framkvæmdar á hafsbotni við beint rask vegna plægingar strengs. Orkustofnun bendir á að skv. 5. mgr. 71. gr. fjarskiptalaga, nr. 81/2003, ber sjófarendum að sýna aðgæslu og gæta varúðar og bannað er að veiða með veiðarfærum, sem fest eru í botni eða eru dregin eftir honum, svo sem netum, botnvörpum og þess háttar, á svæði sem er mílufjórðungs breitt beggja vegna fjarskiptastrengs. Þá er skipum einnig bannað að leggjast við akkeri innan sömu fjarlægða frá fjarskiptastrengjum. Gera má ráð fyrir því, þó þess sé ekki beint getið, að þetta verndarákvæði fjarskiptalaga takmarki efnistöku af hafsbotni og/eða aðra nýtingu á auðlindum hafsbotnsins á tilgreindu helgunarsvæði.

Áform framkvæmdaraðila lúta að því að strengurinn liggja til sjávar í Hafnarvík í Ölfusi og liggja um svæði sem talið er vera með mjúkum botni svo hægt verði að plægja strenginn niður í hafsbotninn. Samkvæmt þeirri lýsingu má vera að á sama svæði sé að finna laus jarðefni eða aðrar nýtanlegar auðlindir hafsbotnsins. Orkustofnun hefur ekki gefið út leyfi til hagnýtingar hafsbotnsins á áformuðu lagnasvæði en stofnunin hefur til afgreiðslu umsókn um leitar- og rannsóknarleyfi á lausum jarðefnum undan suðurströnd Íslands, á svæði sem skarast að hluta til við áformað lagnasvæði. Þar sem hvorki er með nákvæmum hætti tilgreind lega strengsins utan netlaga né liggja fyrir nokkrar ákvarðanir varðandi

hugsanlega nýtingu hafsbotsins telur Orkustofnun þó ekki ástæðu til að gera athugasemd við þetta atriði á þessu stigi.

Að öðru leyti gerir Orkustofnun ekki athugasemdir við framlagða tilkynningu og gögn og tekur stofnunin ekki afstöðu til þess hvort framkvæmdin skuli háð umhverfismati.

Orkustofnun bendir á að umsögn þessi, sem stofnunin veitir Skipulagsstofnun, er af því tagi að ekki felist í henni vanhæfi stofnunarinnar til að taka afstöðu til erinda á síðari stigum, komi þau til afgreiðslu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt,  
f.h. orkumálastjóra



Kristján Geirsson  
verkefnastjóri



Harpa Þórunn Pétursdóttir  
lögfræðingur

**Skipulagsstofnun**

Jóhanna Hrund Einarsdóttir  
Sérfræðingur  
Borgartún 7b, 105 Reykjavík  
[johanna.h.einarsdottir@skipulag.is](mailto:johanna.h.einarsdottir@skipulag.is)  
[skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is)

**Efni: Matsfyrirspurn vegna ljósleiðarasæstrengs frá Íslandi til Írlands.**

Vegagerðin hefur mótttekið erindi Skipulagsstofnunar dags. 22. 9. 2021 þar sem óskað er eftir að Vegagerðin gefi umsögn um fyrirhugaða lagningu ljósleiðarasæstrengs frá Íslandi til Írlands. Vísað er í gögn frá Eflu dags. 31. 8. 2021; Lagning ljósleiðarasæstrengs frá Íslandi til Írlands, fyrirspurn um matsskyldu.

Af innsendum gögnum er ekki að sjá að fyrirhuguð framkvæmd hafi áhrif á þjóðveg, hafnir eða siglingaleiðir. Komi slíkt fram við frekari vinnslu fer Vegagerðin fram á náð samstarf vegna úrlausna þar að lútandi.

Bent er á að skv. lögum um vitmál nr. 132/1999 er öryggi siglinga, hvað varðar lagningu sæstrengs, háð samþykki Samgöngustofu.

Virðingarfyllt  
f.h. Vegagerðarinnar  
Erna Bára Hreinsdóttir  
forstöðumaður Skipulagsdeildar

Síða 1/1

**Vegagerðin**  
Borgartún 5-7  
105 Reykjavík  
+354 522 1000  
vegagerdin.is

vegagerdin  
@vegagerdin.is

## Umsögn Ní

**Til** : Jóhanna Hrund Einarsdóttir - SLS;Skipulagsstofnun - SLS  
**Frá** : Snorri Sigurðsson - NI  
**Heiti** : Umsögn Ní  
**Málsnúmer** : 202108070  
**Málsaðili** : Efla hf  
**Skráð dags** : 21.10.2021 11:45:14  
**Höfundur** : Snorri Sigurðsson - NI  
**Viðhengi** [image001.png](#)

Góðan dag.

Tilvísun í mál nr. 202109-0026 (IAS,SS).

Vísað er til tölvupósts frá Skipulagsstofnun, dags. 22. september 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matskyldu tilkynntrar framkvæmdar ljósleiðarasæstrengs Farice ehf. frá Íslandi til Írlands.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér meðfylgjandi gögn og telur að framkvæmdin þurfi ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum.

Á grunnsævi verður strengurinn grafinn í sand sem er á mikilli hreyfingu með ströndinni og því jafna sárin sig mjög hratt. Þar hefur framkvæmdin engin áhrif á jarðminjar og mjög lítil á lífríkið.

Þegar á land kemur liggur strengurinn upp sandströnd og yfir gróna sandöldu og svo meðfram henni að mestu eða öllu í sandi nema hvað síðasti hlutinn verður á dyngjuhrauni (Leitahraun) sem þegar er mikið raskað á framkvæmdasvæðinu og því ekki með hátt verndargildi. Það er hugsanlega eitthvað fuglavarþ meðfram sandöldunni sem framkvæmdin gæti haft áhrif á þar sem framkvæmdatíminn er áætlaður í 6-8 vikur frá 20. apríl 2022 en það er varla mikið.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is](http://www.ni.is)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS



---

**From:** "Jóhanna Hrund Einarsdóttir - SLS"  
**To:** "Móttaka - NI"  
**CC:**  
**Subject:** Umsagnarbeiðni - Ljósleiðarasæstrengur frá Íslandi til Írlands  
**Date:** 22.9.2021 11:51:40

Góðan dag

Farice ehf. hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu móttækin 22. september 2021, um ofangreinda framkvæmd skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 er hér með óskað eftir að Náttúrufræðistofnun Íslands gefi umsögn um ofangreinda framkvæmd.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Náttúrufræðistofnun Íslands telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði Náttúrufræðistofnun Íslands telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli að hans mati á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila.

[Tilkynning framkvæmdaraðila er aðgengileg hér.](#)

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir 21. október 2021 á tölvupóstföngin: [johanna.h.einarsdottir@skipulag.is](mailto:johanna.h.einarsdottir@skipulag.is) og [skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is).

Með kveðju,

Jóhanna Hrund

---

**Jóhanna Hrund Einarsdóttir**  
Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment  
Skipulagsstofnun - National Planning Agency  
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland  
sími 595 4100, fax 595 4165  
[johannahrund@skipulag.is](mailto:johannahrund@skipulag.is)  
[www.skipulag.is](http://www.skipulag.is)  
[www.facebook.com/skipulagsstofnun](http://www.facebook.com/skipulagsstofnun)

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 21. október 2021  
Tilvísun: 2021090044/15.1

## Efni: Umsögn – Ljósleiðarasæstrengur frá Íslandi til Írlands

Vísað er til umsagnarbeiðni Skipulagsstofnunar um ofangreint málefni, dags. 22. september 2021.

Óskað var eftir að í umsögn komi fram hvort Fjaraskiptastofa telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisaðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði stofnunin telji þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila.

Að mati Fjaraskiptastofu er lagning umrædds ljósleiðarasæstrengs mjög þörf og aðkallandi framkvæmd. Mjög brýnt er að bæta öryggi tenginga Íslands við útlönd með því að bæta við sæstreng. Fjaraskiptasamband við útlönd er í dag forsenda þess að margir mikilvægir þættir þjóðfélagsins virki. Sambandsrof getur þannig lamað ýmsar atvinnugreinar sem háðar eru stöðugu streymi upplýsinga. Með því að bæta við streng sem hefur annan landtökustað en fyrri strengir og þverar þá hvergi, verður öryggi útlandatenginga aukið mjög verulega. Fjaraskiptastofa telur að fyrirhuguð lega og landtökustaður hins fyrirhugaða sæstrengs séu vel til þess fallin að auka öryggi fjaraskiptatenginga við útlönd.

Fjaraskiptastofa telur mikilvægt að fjaraskiptavirki séu byggð í eins mikilli sátt við umhverfi sitt og mögulegt er. Það er hins vegar ekki á lögbundnu valdsviði stofnunarinnar að leggja mat á það hvernig haga skuli verklegum framkvæmdaþáttum, né heldur að meta áhrif framkvæmda á umhverfið eða þörf á umhverfismati. Stofnunin hefur auk þess ekki sérþekkingu á sviði umhverfismála eða á verkfræðilegum þáttum mannvirkjagerðar og jarðvegsframkvæmda. Stofnunin telur þó óhætt að segja að lýsingin á sæstrengnum sé almennt í samræmi við það sem ætla má um tilhögun fjaraskiptastrengja milli landa.

Til að starfrækja sæstreng þarf fyrirtæki að skrá sig hjá Fjaraskiptastofu. Farice ehf. er þegar skráð fjaraskiptafyrirtæki og ekki er þörf á að endurtaka þá skráningu vegna lagningu þessa strengs. Fjaraskiptastofa gefur ekki út sérstök leyfi fyrir lagningu sæstrengja. Í XIV. kafla fjaraskiptalaga eru ákvæði um uppsetningu og vernd fjaraskiptavirkja. Ákvæðin fjalla m.a. um aðgang að landi og varúðarreglur varðandi skipaumferð og fiskveiðar í nágrenni sæstrengja. Ákvæði kaflans geta eftir atvikum komið til skoðunar við lagningu og starfrækslu sæstrengja, en þau fela ekki í sér neinar leyfisveitingar af hálfu Fjaraskiptastofu.

Virðingarfyllst,  
f.h. Fjaraskiptastofu



Sigurjón Ingvason



Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Porlákshöfn, 20. október 2021  
Málsnúmer: 2110020 GJ  
Kt. umsk. 5902695149

Hafnarberg 1  
815 Porlákshöfn, Iceland  
+354 480 3800 [olfus.is](http://olfus.is)

Á 25. fundi Skipulags- og umhverfisnefndar Ölfuss 19.10.2021 sl., var neðangreint erindi tekið fyrir.

### Ljósleiðari frá Írlandi - umsögn um matsspurningu

*Skipulagsstofnun biður um umsögn sveitarfélagsins um matsspurningu vegna fyrirhugaðs ljósleiðarastrengs milli Íslands og Írlands.*

*Í umsögninni skal m.a. koma fram eftir því sem við á, hvort Sveitarfélagið Ölfus telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði Sveitarfélagið Ölfus telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli að okkar mati á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila.*

*Afgreiðsla: Skipulags- og umhverfisnefnd telur að greinargerð, sem fylgir með fyrirspurn um matsskyldu ljósleiðarastrengsins, geri vel grein fyrir framkvæmdinn. Hún sé ekki til þess fallin að valda varanlegum umhverfisáhrifum, ekki séu atriði sem skýra þurfi frekar eða að framkvæmdin þurfi að fara í mat á umhverfisáhrifum.*

*Sveitarfélagið Ölfus er leyfisveitandi þegar kemur að framkvæmdaleyfi vegna landtöku ljósleiðarans, lagningu jarðstrengs frá landtökustað að tengibyggingu og of gefur út viðeigandi byggingar- og framkvæmdaleyfi fyrir byggingu tengihús.*

*Afgreiðsla nefndarinnar er gerð með fyrirvara um staðfestingu bæjarstjórnar Ölfuss og verður þér gert viðvart fari afgreiðsla á annan veg í sveitarstjórn heldur en hér kemur fram.*

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,  
f.h. Skipulags- og umhverfisnefndar

  
Gunnlaugur Jónasson  
skipulagsfulltrúi Ölfuss





Farice ehf.

Smáratorgi 3  
201 Kópavogi

Reykjavík, 28. júní 2021  
Tilv.:1911997 / HZ

**Efni: Umsókn um sæstreng - Farice**

Með bréfi dagsettu þann 6. maí s.l. sótti Farice, fyrir hönd Fjarskiptasjóðs, um samþykki Samgöngustofu fyrir lagningu ljósleiðarasæstrengs milli Íslands og Írlands, til að auka öryggi Íslands í samskiptum við umheiminn.

Skv. 10. gr laga nr. 132/1999 um vitamál skal Samgöngustofa leita umsagna áður en samþykki er veitt en í greininni segir m.a.: *”Til að tryggja öryggi siglinga skal áður en sæstrengir eða neðansjárleiðslur eru lagðar afla samþykkis Samgöngustofu fyrir legu þeirra. Áður en samþykki er veitt skal stofnunin leita álits hagsmunaaðila í sjávarútvegi.”*

Í erindi Farice kemur fram að staðsetning strengsins hafi verið valin í samstarfi við SFS og liggja fyrir gögn um jákvæða afstöðu samtakanna til legu sæstrengsins.

Samgöngustofa leitaði álits Landssambands smábátæigenda. Í umsögn samtakanna kemur fram að strengurinn muni liggja á veiðisvæði línubáta, netabáta, grásleppubáta og snurvoðabáta (auk handfærabáta). Vilja samtökin af þeim sökum mótmæla lagningu sæstrengsins í Hraunsvík þar sem lega strengsins á svæðinu muni takmarka veiðar á u.þ.b. 800 metra breiðu beltí.

Að mati Samgöngustofu eru röksemdir Landssambands smábátæigenda ekki til þess fallnar að hafa áhrif á mat stofnunarinnar um öryggi siglinga á svæðinu.

Með bréfi þessu veitir Samgöngustofa samþykki sitt fyrir lagningu sæstrengs, samkvæmt skilgreindri leið eins og hún liggur fyrir í umsókn Farice.

Virðingarfyllst



Guðjón Atlason

Framkvæmdastjóri Mannvirkja- og leiðsöguviðs



Sigrún Henrietta Kristjánsdóttir

Deildarstjóri Lögfræðideildar

Afrit: Landssamband smábátæigenda, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi

Skipulagsstofnun  
b.t. Jóhönnu Hrundar Einarsdóttur  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 14. október 2021  
UST202109-218/A.Þ.  
10.05.04

### **Efni: Mat á umhverfisáhrifum – matsskyldufyrirspurn – sæstrengur frá Íslandi til Írlands**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst þann 22. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Líkt og fram kemur í tilkynningarskýrslu er framkvæmdin háð samþykki Umhverfisstofnunar skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Umhverfisstofnun bendir á að með þessari umsögn er stofnunin ekki að veita samþykki fyrir lagningu strengsins. Í umsókn til stofnunarinnar um lagningu sæstrengs skulu þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 5. gr. reglugerðar nr. 600/2018 um heimild til lagningu sæstrengja og neðansjárleiðslna fylgja.

#### **Framkvæmdalýsing**

Farice ehf. áformar að leggja sæstreng frá Íslandi til Írlands. Um er að ræða hefðbundinn ljósleiðarastreng, jarðskautsstreng og rafmagnsstreng. Til stendur að taka strenginn í land í Hafnarvík í Ölfusi í um 3 km fjarlægð frá þéttbýli Þorlákshafnar. Á landi verða strengirnir plægðir eða grafnir niður á u.þ.b. 1,5 m dýpi. Næst landi vera strengirnir lagðir í skurð af köfurum og frá 15 m vatnsdýpi að 1.500 m dýpi verða strengirnir lagðir með sérstökum plóg sem dreginn er áfram af kapalskipi. Plógurinn sjálfur er 5 m en skurðurinn 0,75 m breiður og verða strengirnir plægðir 1,5 m ofan í botninn. Á þeim svæðum þar sem ekki er unnt að plægja og á svæði þar sem hafdýpið er meira en 1.500 m verða strengirnir lagðir á botninn.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist í apríl 2022 og að vinna í íslenskri lögsögu taki 6-8 vikur.

#### **Umhverfisáhrif framkvæmdar**

Í tilkynningarskýrslu kemur fram að plægingin valdi tímabundinni röskun á botni en að þegar strengirnir hafi verið lagðir lokist skurðurinn sjálfkrafa, mishratt eftir setgerð og sjávarstraumum.

Í skýrslunni segir að þeir þættir sem líklegastir eru til þess að verða fyrir áhrifum af völdum framkvæmdarinnar eru: jarðmyndanir/sjávarbotn, vistkerfi, menningarminjar, landslag og ásýnd, útivist og upplifun og samfélag. Þá segir að umhverfisáhrif

framkvæmdarinnar séu fyrst og fremst vegna plægingar strengs á sjávarbotni og í fjöru og verða mest á framkvæmdatíma en áhrifin eru talin óveruleg og afturkræf.

### **Hrygningarsvæði þorsks**

Í tilkynningarskýrslu kemur fram að strengurinn þræði á milli veiðisvæða snurvoðar og línuveiða og að leiðin hafi verið valin í samræmi við óskir útgerðar til að trufla sem minnst veiðar á svæðinu.

Umhverfisstofnun bendir á að svæði sunnan við Þorlákshöfn er þekkt fyrir að vera mikilvægt hrygningarsvæði þorsks. Stofnunin telur æskilegt að leitað verði eftir álitum Hafrannsóknarstofnunar á áhrif framkvæmdar á hrygningarsvæði þorsks.

### **Hraun**

Í tilkynningarskýrslu kemur fram að á fyrirhugaðri lóð í Þorlákshöfn þar sem endastöðin verður megi finna forsögulegt hraun frá nútíma sem rann úr Brennisteinsfjöllum en hraunið nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun bendir á að ef framkvæmdin gerir ráð fyrir röskun á hrauni sem nýtur sérstakrar verndar þarf að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Stofnunin bendir auk þess á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki.

### **Niðurstaða**

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að framkvæmdin eins og henni er lýst í tilkynningarskýrslu muni valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir  
sérfræðingur

Ísak Már Jóhannesson  
sérfræðingur

Skipulagsstofnun  
Jóhanna Hrund Einarsdóttir  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík



Hafnarfirði, 06.10.2021  
MFRI: 2021-09-0242

### **Efni: Lagnin ljósleiðarasæstrengs, frá Íslandi til Írlands**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 22. september 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar vegna lagningu ljósleiðarastrengs frá Íslandi til Írlands.

Í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 er hér með óskað eftir að Hafrannsóknastofnun gefi umsögn um ofangreinda framkvæmd. Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Hafrannsóknastofnun telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði Hafrannsóknastofnun telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila.

Farice ehf. áformar að leggja ljósleiðarasæstreng frá Íslandi til Írlands. Samkvæmt framkvæmdaraðila er staðsetningin landtöku strengjarins svo til einungis möguleg við Hafnarvík í Ölfusi.

Hafrannsóknastofnun gerir ekki athugasemdir við erindið en bendir á að fara skal varlega við framkvæmdirnar til þess að búsvæði á hafsbotni verði fyrir sem minnstu raski.

F.h. Hafrannsóknastofnunar

*Rakel Guðmundsdóttir*

Rakel Guðmundsdóttir





Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)

Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun  
Jóhanna Hrund Einarsdóttir  
Borgartúni 7 b  
105 Reykjavík

Reykjavík 5. október 2021  
MÍ202110-0022/ 6.07 / K.M.

## Efni: Lagning ljósleiðarastrengs frá Íslandi til Írlands.

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 22. sept. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

**Kristinn Magnússon**  
Verkefnastjóri  
[kristinn@minjastofnun.is](mailto:kristinn@minjastofnun.is)

Farice ehf áformar að leggja ljósleiðarastreng frá Íslandi til Írlands sem hefur hlotið nafnið IRIS. Til stendur að taka strenginn í land í Hafnarvík í Ölfusi, í um 3 km fjarlægð frá þéttbýli Þorlákshafnar. Í skýrslu framkvæmdaraðilans segir að á landi verði strengurinn plægður eða grafinn niður á u.þ.b. 1,5 m dýpi. Gengið verður frá yfirborði í sama horf og áður var. Næst landi þar sem of grunnt er fyrir kapalskip (grynnra en 15 m) eru strengurinn grafinn niður á u.þ.b. 1,5 m dýpi. Verkið er framkvæmt af köfurum sem nota til þess kraftmiklar vatnsbyssur (neðansjávarsmúl). Á grunnsævi (landgrunni) þegar vatnsdýpið er komið yfir 15 m er strengurinn lagður með kapalskipi.

Í skýrslu framkvæmdaraðilans kemur fram að fyrirhuguð landtaka strengsins verður í Hafnarvík rétt austur við Þorlákshöfn í Ölfusi. Strengurinn mun ná í land við ströndina tvo til þrjá kílómetra frá núverandi hafnargarði og upp fyrir sandbakkann í tengibrunn. Þaðan mun sérstakur jarðstrengur liggja frá tengibrunninum í eða við vegslóða sem liggur meðfram ströndinni að endastöðinni sem fyrirhuguð er við Óseyrarbraut. Um þetta svæði liggja nú þegar vegslóðar og jarðstrengir. Endastöðin verður staðsett á 600 til 900 m<sup>2</sup> nýrri lóð. Endastöðin sjálf verður um 60-100 m<sup>2</sup> og mun hýsa endabúnað fyrir sæstrenginn.

Fjallað er um menningarminjar í köflum 3.7 og 4.4.3 í skýrslu framkvæmdaraðilans. Eins og þar kemur fram eru engar friðlýstar fornleifar í nágrenni fyrirhugaðrar lagnaleiðar á landi. Fyrir liggur skýrsla Fornleifafræðistofunnar frá árinu 2013, *Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðs jarðstrengs og ljósleiðara frá Selfossi að Þorlákshöfn*. Strengur Farice mun liggja á svipuðum stað í Þorlákshöfn

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnisýslustigi og ekki kaeranlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.


og jarðstrengurinn frá Selfossi. Engar fornleifar voru skráðar á þessu svæði árið 2013.

Fyrr á þessu ári kom út skýrsla VG Fornleifarannsóknna, *Fornleifaskráning í landi Þorlákshafnar 2021. Vettvangsskráning og söguágrip*. Þrennar fornleifar voru skráðar í nágrenni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Skeiðisvarða (48) er horfin. Hún var við götu (74) sem lá frá vörðunni að Hrauni. Leiðin er einnig horfin innan bæjarmarka Þorlákshafnar. Gata (71) lá frá Þorlákshöfn að Hlíðarenda. Gatan er horfin innan Þorlákshafnarlandsins en strengurinn mun að öllum líkindum þvera það svæði þar sem gatan lá nærri þeim stað þar sem landtökustöðin rís. Nokkru sunnan við lóð landtökustöðvarinnar er Hlíðarendavarða (38). Varðan stóð við götuna (71) og er enn vel greinanleg. Henni mun væntanlega ekki stafa hætta af fyrirhuguðum framkvæmdum vegna strengsins.

Minjastofnun Íslands telur að fornleifum á landi ætti ekki að stafa hætta af lagningu strengsins, IRIS, frá landtökustað að landtökustöð. Ekki liggja fyrir upplýsingar um fornleifar á hafsbotni þar sem áætlað er að strengurinn liggji. Í skýrslu framkvæmdaraðilans kemur fram að næst landi verði strengurinn grafin niður af köfurum með kraftmiklum vatnsbyssum. Minjastofnun Íslands minni á að í 24. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) segir að ef í ljós komi áður óþekktar fornleifa við framkvæmd verks beri að stöðva framkvæmdina og tilkynna Minjastofnun um fundinn.

Minjastofnun Íslands telur að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllt,  
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon  
verkefnastjóri

## Umsögn Vegagerðarinnar

**Til** : Jóhanna Hrund Einarsdóttir - SLS  
**Frá** : Fannar Gíslason - VG  
**Heiti** : Umsögn Vegagerðarinnar  
**Málsnúmer** : 202108070  
**Málsaðili** : Efla hf  
**Skráð dags** : 24.09.2021 11:13:14  
**Höfundur** : Fannar Gíslason - VG

Sæl Jóhanna

Vegagerðin hefur fengið til umsagnar fyrirspurn um matskyldu á lagningu ljósleiðarasæstrengs frá Íslandi til Írlands, IRIS, sem unnin var af Eflu verkfræðistofu og er dagsett þann 31.08.2021.

Vegagerðin telur að framkvæmdaraðili þurfi að tryggja að náttúrulegar varnir fjörunnar, þ.e. fjörुकambur, skemmist ekki á framkvæmdartíma þar sem strengurinn kemur á land og þverar hann. Vegagerðin telur að lega strengsins hafi ekki áhrif á rekstur Þorlákshafnar að nokkru leiti þar sem hann kemur í land nógu langt frá höfninni og liggur ekki í innsiglingalínu til hafnarinnar.

Vegagerðin telur að framkvæmdaraðili hafi lýst verkefninu nægjanlega vel í fyrirspurninni og hefur engar frekari athugasemdir við framkvæmdinni. Vegagerðin tekur undir sjónarmið framkvæmdaraðila að heildar umhverfisáhrif vegna framkvæmdarinnar séu ekki umtalsverð og því sé hún ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

### Fannar Gíslason

Forstöðumaður Hafnadeildar  
Hafnadeild

[fannar.gislason@vegagerdin.is](mailto:fannar.gislason@vegagerdin.is)

Head of Harbour Division  
Harbour Division

[+354 522 1425](tel:+3545221425)

[+354 897 7104](tel:+3548977104)

### Vegagerðin

Icelandic Road and  
Coastal Administration

Suðurláun 3, 210 Garðabæ  
[vegagerdin.is](http://vegagerdin.is)